

3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp og heimilisþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá tekið tillit til efnahags og annarra aðstæðna.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 364.

1. júlí 1979.

AUGLÝSING

um umferð á Suðureyri, Súgandafirði.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Suðureyrarhrepps, og samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Suðureyri, Vestur-Ísafjarðarsýslu:

1. Skólagata er lokuð fyrir allri umferð ökutækja milli Eyrargötu og Aðalgötu.
2. Tvístefnuakstur er á Eyrargötu sunnan Skólagötu.
3. Tvístefnuakstur er á Stefnisgötu.
4. Biðskylda er á Hjallavegi þar sem hann liggur þvert á Aðalgötu og Eyrargötu.
5. Bifreiðastöður eru bannaðar á Aðalgötu, beggja vegna götunnar, frá Skólagötu og suður að horni hússins Aðalgata 13.

Þetta kunngerist hér með Súgfirðingum og öðrum þeim sem leið eiga um Suðureyri til eftirbreytni.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, 1. júlí 1979.

Már Pétursson, settur